

Hjartapelsbólga

Hjartapelsbólga (e. endocarditis) er oftast sýking af völdum baktería sem leggst aðallega á hjartalokur. Bakteríur komast í blóðrásina, oftast frá munni, þörmum eða húð, og berast til hjartans.

Hjartapelsbólgu þarf að taka mjög alvarlega því hraukar af bakteríum geta skotist frá lokum hjartans út í blóðrásina og valdið töppum víðsvegar um líkamann sem geta stíflað æðar.

Áhættuþættir

- Hjartasjúkdómar, hjartagallar og gervilokur
- Léleg tannheilsa
- Bælt ónæmiskerfi
- Sprautufíkn
- Æða- og þvagleggir
- Blóðskilun í lengri tíma
- Hafa áður fengið hjartapelsbólgu

Einkenni

Algengustu einkenni sem koma fram við hjartapelsbólgu eru:

- Hiti og hrollur
- Sviti
- Vöðva- og liðverkir
- Slappleiki
- Lystarleysi
- Nætursviti
- Þyngdartap

Önnur einkenni geta einnig komið fram vegna fylgikvilla sýkingar svo sem:

- Mæði
- Bjúgur á fótum
- Máttleysi og lömun
- Truflun á tali
- Dökkt þvag
- Rauðir hringlaga blettir í lófum, á fingrum og á iljum

Greining

- Blóðrannsóknir, þar sem meðal annars er verið leita að bakteríum í blóði
- Hjartaóhljóð sem heyrist við hlustun
- Hjartalínurit
- Hjartaómskoðun, oftast gerð um vélinda

Meðferð

Sýklalyf eru gefin í æðalegg í allt að 4-6 vikur. Ef illa gengur, bakteríurnar reynast ónæmar fyrir lyfjunum eða miklir fylgikvillar koma fram, getur þurft að framkvæma aðgerð þar sem skipt er um hjartalokur. Sú meðferð hefur reynst árangursrík.

Forvarnir

Þeir sem hafa fengið hjartabolsbólgu eru í aukinni hættu á að fá hana endurtekið og því skipta forvarnir miklu máli.

Góð munn- og tannhirða er nauðsynleg til að halda húð og slímhúð heilli. Þeir sem hafa fengið svona sýkingu geta þurft fyrirbyggjandi sýklalyf fyrir ákveðnar tannviðgerðir eða aðgerðir, til dæmis þeir sem eru með gervilokur eða hjartagalla. Fólk sem notar vímuefni í æð er ráðlagt að leita sér meðferðar vegna þess.

Ef fyrirhuguð er meðferð hjá lækni eða tannlækni þarftu að segja frá því að þú hafir fengið hjartabolsbólgu þar sem hugsanlega þarf að gefa fyrirbyggjandi sýklalyf áður en hún er hafin.